



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/716
komudagur 9.1.2003

Dagsetning
10.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, 48. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur eðlilegt að samgöngur milli lands og Vestmannaeyja séu til skoðunar, enda um lang fjölmennustu eyjabyggð við Ísland að ræða. Tímamörk fyrir nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir eru hins vegar ekki raunhæf, ef vanda á til verka.

Virðingarfyllst

Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs
Byggðastofnunar

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 128/813
komudagur 21.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Ísland

16.01.2003

Pingsályktun um samgöngur á milli lands og Vestmannaeyja.

Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á því, að þessi umsögn er ekki send innan þeirra tímamarka sem um var beðið. Eins og kunnugt er hefur Flugfélag Íslands ekki stundað reglubundið áætlunarflug til Vestmannaeyja um nokkurt skeið og ekki er gert ráð fyrir breytingum á því að óbreyttum aðstæðum. Það er hins vega ljóst, að ýmis atriði í umræddri ályktun eru þannig, að rétt er að hafa um þau nokkur orð. Hér er fyrst og fremst um að ræða stöðu flugs gagnvart öðrum samgöngumátum, sem til boða standa.


Ályktun þessi snýr fyrst og fremst að því, að könnuð verði smíði á ferju, sem er fljót í förum á milli lands og Eyja. Ástæður eru taldar vandi í samgöngumálum, þar sem flug hafi að mestu lagst niður. Þetta er að sjálfsögðu ekki alskostar rétt, þar sem Íslandsflug hefur haldið uppi áætlunarflugi á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, en reyndar á minni flugvélum en áður. Það hefur því dregið verulega úr sætaframboði á leiðinni, en það er að sjálfsögðu afleiðing minnkandi farþegaflutninga á undanförunum árum. Ástæða þessara minnkunar hefur fyrst og fremst verið rakin til kostnaðar við flug, samanborið við kostnað á flugi frá Eyjum að Bakkaflugvelli og síðan niðurgreitt fargjald í Herjólf. Flug á Bakka er að hluta niðurgreitt, þar sem nær engin landingargjöld eru greidd af því flugi, hvorki á Bakka né í Vestmannaeyjum. Samkeppnisstaða flugs til Reykjavíkur er því nokkuð erfið, þar sem verð er borið saman við liði sem eru vart samanburðarhæfir.

Ef við lítum aðeins aftur á þann vanda leysa þarf, þá virðist það vera að koma farþegum hraðar á milli lands og Eyja. Eins og segir í ályktuninni, þá er það *Lykilatriðið í því að þessar byggðir fái áfram vaxið og dafnað er að þeim verði sköpuð þannig umgjörð að þær geti keppt um fólk og atvinnutækifæri og þar skipta samgöngur meginmáli*. Það er alveg ljóst að þessi fullyrðing stendur alveg fyrir sínu. Það er hins vegar einnig ljóst, að verið er að tala um skjótar og öruggar samgöngur, þ.e. fólk vill komast á milli eins hratt og öruggt og unnt er. Það vekur því aðeins furðu, að ekki skuli verið rætt um þann möguleika, að byggja á einhvern hátt undir flug á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þannig að það geti orðið samkeppnishæft í verðum og uppfyllt þær kröfur um flugvélakost sem gerðar eru! Langflestir þeirra sem eru á leið á milli lands og Eyja eru á leiðinni á milli Reykjavíkur og Eyja. Þeir erlendu ferðamenn sem fram til þessa hafa heimsótt Vestmannaeyjar hafa langflestir komið frá Reykjavík, til dvalar í Eyjum til lengri eða skemmri tíma. Það hlýtur því að vera markmið til lengri tíma, að tryggja viðunandi 1/2 klukkustunda ferðalag á milli lands og Eyja. Bílaferja sem er um 1 og hálfan tíma á milli, stýttir augljóslega ferðatíma, en þó er áfram verið að tala um 2-3 klukkustunda ferð frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Ferðamenn sem nota þurfa um 5-6 klukkustundir í ferðalag til að komast til og frá áfangastað munu áfram hugsa sig um tvisvar.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Air Iceland

Reykjavíkflugvelli • 101 Reykjavík • Sími 570 3000 • Fax 570 3001



Eins og fram kemur í ályktuninni, þá er markmiðið að stytta ferðatíma eins og kostur er. Augljósasti kosturinn er að skoða flug sem þennan samgöngumáta. Það er líka ljóst, að til lengri tíma er það ódýrari kostur en að byggja nýja ferju, með tilheyrandi kostnaði og væntanlega hærri rekstrarkostnaði. Mér þætti því eðlilegt að kostir flugsins yrðu skoðaðir betur, bæði hvað varðar hraða í samgöngum og hagkvæmni til lengri tíma. Vona að þetta komi að einhverjum notum.

Virðingarfyllst



Jón Karl Ólafsson



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/778
komudagur 15.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 09-01-03

Varðandi tillögu til Þingsályktunar um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Íslandsflug tekur undir að góðar skipa- og flugsamgöngur milli lands og Vestmannaeyja eru mjög nauðsynlegar fyrir Vestmannaeyinga.

Til að fyrirbyggja misskilning þá hefði mátt orða setninguna um að flugfélög hafi hætt reglulegu áætlunarflugi til Eyja öðruvísi, þannig að halda mætti að engar flugsamgöngur séu milli lands og Eyja. Ferðatíðni er svipuð og hún hefur verið síðustu ár.

Það má vera að skip sem orðið er 10 ára teljist gamalt en til fróðleiks þá telst það ekki hár aldur hjá flugvélum. Þess má geta að flugvélafloti Íslenskra innanlandsáætlunaráætlunavéla er ekki yngri en skipið.

Vissulega væri mjög þægilegt að hafa skemmri fartíma og meiri flutningsgetu á flutningsmiklum dögum, en þeir eru ekki margir á árinu. Hellst á sumrin, þegar fólk er að fara í helgarferðir. Mætti ekki bæta við þriðju ferðinni á háannatímanum?

Núverandi samgöngur standast í grófum dráttum kröfum fólksins um samgöngur þar sem Herjólfur fer tvisvar á dag á sumrin alla daga, nema laugardaga fer hann eina ferð. Á veturna fer hann eina ferð á dag alla daga og tvisvar á föstudögum. Farþegum Herjólfur hefur fjölgað til muna síðustu 2 árin á kostnað flugsins. Enda eru ferðir Herjólfur niðurgreiddar en ekki flugsætin.

Það má spyrja sig ef eftirspurnin væri meiri fyrir skipaflutninga; afhverju fækkar ferðum þá á veturna?

Íslandsflug bíður upp á 18 flug í viku með 19 sæta flugvél og sætanýtingu aðeins í 55%. Þrjú flug 4 daga vikunnar og tvö flug þrjá daga vikunnar. Flugfélag Vestmannaeyja bíður upp á flug til Bakka og Selfoss, nánast, hvenær sem fólki hentar.

Flugfarþega-sætum hefur fækkað mikið milli lands og Vestmannaeyja, en það er bara eftirspurn og framboð sem ræður því. Ef eftirspurnin væri meiri þá væri aukning á sætum og lækkun á gjöldum.

Það hafa verið órofnar flugsamgöngur milli lands og Vestmannaeyja síðustu áratugin. Ástæðurnar fyrir því að Íslandsflug hætti á sínum tíma, tímabundið, var sú að flugleiðin bar ekki samkeppnina milli Íslandsflugs og Flugfélags Íslands. Þegar Flugfélag Íslands ákveður að hætta flugi til Vestmannaeyja, byrjaði Íslandsflug aftur á flugi til Eyja, sem og Jörvík, en Jörvík hætti eftir nokkra mánaða flug. Þetta sýnir því miður að eftirspurnin hefur ekki verið nægjanleg til að fjölga sætum.

Meginástæðan fyrir því að ferðaskrifstofurnar eru hikandi að selja dagsferðir til Eyja er sú að það kom fyrir að flugum varð að aflýsa vegna veðurs og þá sátu ferðamennirnir eftir, en þar sem Herjólfur fer núna tvær ferðir á sumrin þá á þetta ekki að skipta máli og ferðamennirnir komast aftur til lands með kvöldskipinu ef flugið er ófært. Þeir ferðamenn sem vilja fara til Eyja fara þangað hvort sem siglingin tekur eina eða þrjár klukkustundir. Eyjarnar eru það sérstakar að fólk lætur flutningstíman ekki aftra sér. Sérstaklega ekki ef það getur flogið aðra leiðina og siglt hina.

Það er langt síðan að samgöngur til Vestmannaeyja hafa verið jafngóðar og í dag. Ferðatíðni Herjólfur hefur aldrei verið meiri, áreiðanleiki í flugsamgöngum hefur aukist eftir að Íslandsflug tók við áætluninni og ferðatíðni milli Vestmannaeyja og Bakka aldrei verið meiri.

Eins og áður segir þá er Íslandsflug sammála nefndinni um að góðar skipa og flugsamgöngur séu nauðsynlegar fyrir fólkið og atvinnulífið í Vestmannaeyjum og á landinu. Einnig vill Íslandsflug alls ekki láta draga úr þeirri þjónustu sem Eyjamenn hafa í dag og vill auðvitað bæta hana. Það kemur að því að það þarf að skipta Herjólfur út fyrir nýtt skip, en það mætti setja þá peninga í annað þangað til sú þörf er orðin brýnni.

Virðingarfyllt,

Pétur Hafliðason,
Forstöðumaður Íslandsflugs innanlands.

Alþingi
Erindi nr. P 128/729
komudagur 14.1.2003



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
kennitala: 550269 - 1639
sími: 545 8200, bréfsími: 562 1702,
netfang: postur@sam.stjr.is,
veffang: <http://www.samgonguraduneyti.is>

Tilvísun:

SAM02120075/001

13. janúar 2003

US/--

Samgönguráðuneytið fyrir hönd Siglingaráðs, vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 11. desember 2002 þar sem óskað er umsagnar ráðsins um tillögu til þingsályktunar um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, þskj. 48-48. mál.

Siglingaráð hefur ekki komið saman til fundar á umsagnartímanum en ráðuneytið leyfir sér að vísa til umsagnar Siglingastofnunar Íslands, dags. 10. janúar 2003, um málið. Í nefndu bréfi Siglingastofnunar koma fram aðgerðir og sjónarmið ráðuneytisins um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

f.h.r.

Unnur Sverrisdóttir



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 128/726
komudagur 10.1.2003

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 30.12.2002
Tilv. 023
KV/kv

Siglingastofnun vísar til bréfs yðar dags. 11. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Siglingastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um bættar samgöngur milli lands og Vestmanneyja, 48. mál.


Í tilefni þessa vill Siglingastofnun benda á að með bréfi dags. 3. maí 2002 skipaði samgönguráðherra starfshóp til þess að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja með þarfir íbúa og atvinnulífs í huga. Í hópinn voru skipuð Kristján Vigfússon, Siglingastofnun sem formaður, Guðjón Hjörleifsson, fyrrerandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Arnar Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Vestmannaeyjum, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Sigmar Georgsson, formaður Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja, Kristín Sigurbjörnsdóttir, Vegagerðinni, Haukur Hauksson, Flugmálastjórn, og Gísli Viggósson, Siglingastofnun. Starfsmaður hópsins er Kristján Sveinsson frá Siglingastofnun. Einnir hefur starfað með hópnum Jón Baldvin Pálsson flugvallarstjóri í Reykjavík. Starfshópurinn hefur haldið á annan tug funda og rætt við fjölmarga aðila sem koma að samgöngum til og frá Vestmannaeyjum.

Starfshópurinn skilaði af sér áfangaskýrslu 12. ágúst sl. til samgönguráðherra þar sem lagðar eru fram tillögur um úrbætur í samgöngumálum Vestmannaeyinga sem hægt væri að grípa til með skömmum fyrirvara og hrinda í framkvæmd á næstu misserum. Nú þegar hefur samgönguráðherra hrint stórum hluta af tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Samkvæmt upplýsingum frá starfshópnum þá liggur fyrir að hann muni skila af sér lokaskýrslu í síðasta lagi í febrúar á þessu ári. Í þeirri skýrslu er gert ráð fyrir að fjallað verði m.a. um þjónustustig og flutningsþörf til og frá Vestmannaeyjum. Möguleika á kaupum og rekstri á háhraðaferju og loftpúðaskipi á siglingaleið Herjólfss. Ennfremur er gert ráð fyrir að skoða möguleika á lengingu núverandi Herjólfss og aukningu vélarafls, jafnframt sem reynt verður að leggja mat á kostnað vegna nýsmíði. Loks má nefna að starfshópurinn mun fjalla um í lokaskýrslu sinni rannsóknir vegna ferjulægis í Bakkafjöru og kostnað vegna breytinga á hafnarmannvirkjum í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn ef ráðist verður í kaup á stærra skipi.

Ljóst er af þessari upptalningu að starfshópur sá sem nú er að störfum mun taka á þeim þáttum sem gert er ráð fyrir að þingsályktunin taki til. Siglingastofnun telur með hliðsjón af ofanrituðu að ekki sé tilefni til skipunar nefndar um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar fyrr en eftir að núverandi starfshópur hefur lokið störfum sínum og lagt hefur verið mat á lokaskýrslu hópsins.

Virðingarfyllst


Hermann Guðjónsson


Kristján Vigfússon

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. janúar 2003
Tilvísun: 2002120042/14.1.1
HH/BH
Tilv. ykkar: 11.12.2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja (pskj. 48).

Í tillögunni er samgönguráðherra falið að skipa þriggja manna nefnd í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja og sveitarstjórn Ölfuss, sem kanni möguleika á kaupum, smíði eða útvegum skips sem ekki er lengur í ferðum en eina til tvær klukkustundir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Þá er nefndinni falið að skoða og meta þann möguleika að lengja og bæta núverandi ferju þannig að hún þjóni betur hlutverki sínu að því er varðar hraða og flutningsgetu. Nefndin á að skila tillögum sínum eigi síðar en 1. febrúar 2003.

Í greinargerð segir meðal annars að núverandi ferja, Herjólfur, uppfylli ekki lengur þær kröfur um hraða og flutningsgetu, sem gerðar eru til samgangna í upphafi 21. aldarinnar. Þá segir að staða Vestmannaeyja hafi versnað undanfarin ár með tilliti til samgangna. Flugsamgöngur séu lakari en áður og siglingatími Herjólfs of langur.

Hér á eftir verður stuttlega farið yfir samgöngur til og frá Vestmannaeyjum og gerð grein fyrir því hver ættu að vera næstu skref að mati Vegagerðarinnar.

Fólksflutningar til og frá Vestmannaeyjum eru með flugi og með Herjólf. Flogið er á tvo velli frá Vestmannaeyjum, Reykjavík og Bakka í Landeyjum. Flutningar með flugi jukust í kjölfar þess að flugið var gefið frjálst um mitt ár 1997 og hófst þá kapphlaup á leiðinni Reykjavík - Vestmannaeyjar um verð og framboð ferða, kapphlaup sem flugfélögin héldu ekki út til lengdar. Í kjölfarið hækkuðu fargjöldin og dró úr sætaframboði og fækkaði þá flugfarþegum. Íslandsflug heldur uppi áætlunarferðum til Vestmannaeyja og var sætanýting á árinu 2002 um 55 %.

Flug milli Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar hefur á hinn bóginn vaxið jafnt og þétt og fer nú um þriðjungur af flugfarþegum til og frá Eyjum um Bakkaflugvöll.

Farþegaflutningar með Herjólf hafa farið vaxandi og 2001 fóru um 64 % allra farþega til og frá Vestmannaeyjum með Herjólf en um 36% með flugi. Þrátt fyrir þetta er nýting Herjólfs enn lægri en flugsins og 2001 voru farþegar með skipinu að meðaltali 114 en skipið getur flutt allt að 524 farþegum. Nýtingin 2002 var mjög svipuð og 2001. Nokkra daga á ári er þó eftirspurnin meiri en framboðið. Þetta er einkum um þjóðhátíð og hin stóru knattspyrnumót í Vestmannaeyjum. Þegar svo háttar til eru farnar aukaferðir.

Að öllu samanlögðu er ljóst að framboð í farþegaflutningum er meira en nóg þegar á heildina er litið. Það á einnig við um flutninga á bílum og vörum með Herjólf. Þar kemur þó heldur oftast fyrir að skipið er fullt, eða í 6 - 7% ferða á árinu 2001.

Þó að framboðið í heildina sé nægilegt getur verið æskilegt að auka þjónustuna. Nefnd, sem skipuð var af samgönguráðherra til að fara yfir samgöngur til Vestmannaeyja, skilaði áfangaskýrslu í haust. Lagði hún til fjölgun ferða Herjólf, og hefur þegar verið tekin ákvörðun um hana. Þannig verða farnar 570 ferðir 2003, en til samanburðar voru þær 448 árið 2001, og nemur fjölgunin um 27 %. Áætlað er að nefndin skili lokaskýrslu sinni í byrjun árs 2003, og eiga þar að koma fram viðhorf hennar og hugmyndir um lausnir til lengri tíma litið.

Það tekur Herjólf um 2 3/4 klst. að sigla milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Svo löng sigling setur þjónustustiginu skorður. Tvær lausnir hljóta að koma til álita ef stytta á siglingatímann. Önnur er sú að kaupa hraðaskreiðara skip, sem kanna á samkvæmt tillögunni. Hin leiðin er sú að stytta siglingaleiðina, en í því sambandi þarf að rannsaka möguleika á gerð ferjuhafnar við Landeyjasand. Fjarlægð þangað frá Vestmannaeyjum er aðeins brot af leiðinni til Þorlákshafnar 15% - 20% háð staðsetningu við sandinn.


Ljóst er að mikil vandamál eru tengd báðum þessum lausnum. Hér er enda um að ræða opið úthaf, sem þarf að sigla um eða byggja höfn við. Báðar eru þær vafalítið mjög kostnaðarsamar. Á þessu stigi verður heldur ekki fullyrt að hafnargerð við Landeyjarsand sé viðráðanleg, tæknilega og fjárhagslega. Sú lausn hefur þó mikla yfirburði að því er varðar samgöngur til Vestmannaeyja til framtíðar ef hún er tiltæk.

Með vísan til þess, sem hér er rakið, er það skoðun Vegagerðarinnar að brýnast sé að rannsaka möguleika á hafnargerð við Landeyjarsand. Í samgönguáætlun 2003 - 2014 eru ætlaðir fjármunir í þetta verkefni. Verkefni af þessu tagi hlýtur að taka nokkur ár og er brýnt að því sé hraðað.

Meginástæða þess að brýnt er að hraða rannsókninni er sú, að alveg skiptir í tvö horn með endurnýjun skips eftir því hvort unnt verður að sigla á Landeyjasand eða núverandi siglingaleið til Þorlákshafnar verður farin til frambúðar. Því er nauðsynlegt að niðurstöður rannsóknar liggi fyrir áður en skipakaup eru ákveðin. Það er skoðun Vegagerðarinnar, að Herjólfur geti annað flutningum til Vestmannaeyja meðan rannsóknin fer fram enda ekki nema 10 ára gamall.

Með hliðsjón af framanrituðu telur Vegagerðin umrædda nefndarskipun óþarfa. Er þá málsatvik höfð í huga, sem lýst er hér að framan, og svo hitt að þegar er starfandi nefnd í málinu.

Virðingarfyllst,


Helgi Hallgrímsson,
vegamálastjóri.